

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasund 1 102
Reykjavík
postur@uar.is

15.01.2020
umhverfissinnar.is

Athugasemdir við mál nr. 317/2019 Drög að frumvarpi til laga um Hálendisþjóðgarð

Ungir umhverfissinnar fagna þeim áformum sem nú standa til að stofna þjóðgarð á hálendi Íslands. Einnig vísa Ungir umhverfissinnar til fyrri umsagna, Athugasemdir við mál nr. 253/2019 31.10.2019 og Athugasemdir við mál nr. 290/2019 12.12.2019

Kaflí I 2. gr

"Ráðherra ákveður friðlýsingu Hálendisþjóðgarðs og stækkun þjóðgarðsins með reglugerð, sbr. 13. gr"

En í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð stendur að ráðherra friðlýsi með reglugerð. Hægt er að túlka þetta með mismunandi hætti og ætti að vera samræmt.

Kaflí I 3. gr

Við mælum með að orðið *heilnæm* verði fjarlæggt úr markmiði þjóðgarðsins eða skilgreint nánar.

"4. Stuðla að því að almenningur geti stundað heilnæma útivist innan þjóðgarðsins í sátt við náttúru og menningarminjar. "

Þar sem orðið "heilnæmt" er illa skilgreint og gildishlaðið teljum við það ekki eiga heima í lögum.

Ungum umhverfissinum þætti vert að hafa tilveruréttindi jarðarinnar sbr. Earth law status <https://www.earthlawcenter.org/what-is-earth-law> í markmiðum þjóðgarðsins.

Ungir umhverfissinnar leggja einnig til að markmið þjóðgarðsins séu að gæta hagsmuna óspilltra víðerna þar sem þau eru einstöká heimsmælikvarða.


III kafli

11. Gr orkunýting

Við teljum að til að halda í verndun þeirra virkjanakosta sem rammaáætlun hefur sett í verndarflokk er mikilvægt að hrófla ekki við því lýðræðislega verkfæri sem rammaáætlun er. Verður þó að horfa til þess að virkjanirnar eru innan þjóðgarðsmarka þegar gert er umhverfismat og teljum við það eiga að veða þungt. Við óskum eftir því að betur sé skilgreint hvað það merkir að tekið skuli til hliðsjónar hvort um raskað svæði sé að ræða. Einnig teljum við ástæðu til þess að krefjast frekari útlistinga á því hvað lágmark sýnileika merkir. Hversu mikið mótvægi hefur lágmark sýnileika við lágmark kostnaðar?

Mælumst við að lokum til þess að garðurinn nái yfir allar þjóðlendur í nágrenni við garðinn. Sem og síðar meir þær þjóðlendur á svæði 11 (Austfirðir) sem á eftir að úrskurða í.

Fyrir hönd miðhálandisnefndar Ungra umhverfissinna



Þorgerður M Þorbjarnardóttir
Gjaldkeri Ungra umhverfissinna